

4. fundur skólaráðs – 29. apríl 2021.

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Guðrún Jónsdóttir og Rúna Björk Júlíusdóttir, fulltrúar foreldra, Tómas Heiðar Helgason og Kristín Vala Björgvinsdóttir 6. bekk fulltrúar nemanda. Ingibjörg Eðvaldsdóttir og Guðrún Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Örn Arnarson fulltrúi grendarsamfélagsins.

Fundurinn hófst kl. 8:20

Dagskrá:

1. **Niðurstöður Skólapúlsins, starfsmannakönnun.** Lagðar fram til kynningar niðurstöður starfsmannakönnunar skólapúlsins.
2. **Niðurstöður starfsmannasamtala.** Skólastjóri gerði grein fyrir að starfsmannasamtölum er lokið og verið er að vinna í þeim þáttum sem bæta þarf, margt sem kom fram snýr að aðbúnaði og verkferlum.
3. **Niðurstöður úr könnun foreldrafélagsins um heimanám og skólabyrjun.** Lagðar fram og ræddar niðurstöður könnunar á sýn foreldra á heimanámi nemenda og vilja til skólabyrjunar að morgni. Rætt um heimanám og fundarmenn sammála að minnka það þannig að höfuðáhersla verði á lestur. Niðurstöðurnar eru frekar skýrar, stefnt á að skýr heimanámsstefna verði tilbúin fyrir haustið 2021. Niðurstöður varðandi skólabyrjun var ekki eins skýr en flestir vildu að skólabyrjun yrði áfram kl. 8:10. Ekki gert ráð fyrir breytingum á skólabyrjun.
4. **Vetrafrí, tekin fyrir bókun fræðsluráðs** „Fræðsluráð óskar eftir því að skólaráð hvers grunnskóla fjalli um og skili álit til fræðsluráðs fyrir 15. mars um hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á vetrarfríi í grunnskólum. Vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar er tvískipt og því þörf á þeirri umræðu hvort halda á núverandi fyrirkomulagi, að vetrarfríð yrði í einu lagi og eða hvort vilji sé til þess að gera breytingu annað hvert ár.“ Í skólaráði eru skiptar skoðanir varðandi vetrarfrí. Fulltrúar foreldra myndu vilja eina viku og telja það þess virði að prófa einu sinni
5. **Heimasíðan, miðlun upplýsinga til foreldra.** Rætt um heimasíðu Engidalsskóla og með hvaða hætti best sé að miðla upplýsingum til foreldra. Tölvupóstur er bestur, en ósk um betri upplýsingar um kennara.
6. **Viðmiðunarstundaskrá.** Lögð fram drög að viðmiðunarstundaskrá Engidalsskóla skólaárið 2021-2022. Drögin samþykkt og staðfest með undirritun.
7. **Önnur mál.**
 - a. Hugmynd kom um hvort hægt væri að hafa fatasölu að vori (óskilamuni) í fjáröflun fyrir nemendafélagið/foreldrafélagið áður en allt það sem ekki er vitjað um fer í Rauðakrossinn – Fulltrúi foreldra tekur hugmyndina fyrir í stjórn foreldrafélagsins.
 - b. Nemendur óskuðu eftir því að fá bekk til að sitja á við B-völl. Skýra þarf betur hver á völlinn hverju sinni. Mikilvægt að kennarar fylgist vel með og stýri því hverjir fara inn á völlinn hverju sinni. Beiðnin um bekkinn mun fara inn í það bréf sem verið er að vinna í varðandi gervigras á A völl.

Fundi slitið kl. 9:35

Ritari: Margrét Halldórsdóttir